

**Nr. 18-040 S 026 Þorbjörg ÞH 25****Skipverji féll milli báts og bryggju**

Skipaskr.nr. 2588  
Smíðaður: Reykjavík 2003, trefjaplast  
Útgerð: Æðarsker ehf  
Stærð: 5,84 brl. 4,71 bt.  
Mesta lengd: 8,7 m Skráð lengd: 7,72 m  
Breidd: 2,55 m Dýpt: 1,19 m  
Vél: Volvo Penta, 247,10 KW, 2003  
Fjöldi skipverja: 1



Þorbjörg © Hörður Þorgeirsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 16. mars 2018 var Þorbjörg ÞH 25 við bryggju á Raufarhöfn. Veður: SSA 10 m/sek.

Skipverji var að færa bátinn við bryggjuna og ætlaði að toga hann með handafli meðfram henni en við það féll hann á milli og í sjóinn. Skipverjinn axlarbrotnaði á vinstri öxl.

**Við rannsókn kom fram:**

- að vél í bátnum var í gangi. Ekki var kúplað að skrúfu en framskrið var á honum;
- að þegar skipverjinn var að draga bátinn fór hann að reka frá bryggjunni og við að reyna að grípa í bryggjudekkinn steig hann á allúgu á bátnum sem var flughál með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægi og féll fyrir borð;
- að skipverjinn náði að klifra upp á eitt dekkið og komu tveir menn honum til aðstoðar við að komast upp á bryggju.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.